

SAMTÍMINN OG NÝJA SNILLIGÁFAN

Dráinn Hjálmarsson

Pistill sem saminn var fyrir útvarpsþáttinn *Víðsjá á Rás 1* haustið 2022.

Samtímatónlist er betur skilgreind sem alþjóðlegt samfélagsrými heldur en sem lýsing á tegund tónlistar, því innan hennar rúmast ólíkar nálganir, stílar og hugmyndastraumar sem koma og fara. Ef draga ætti línu í sandinn um hvað einkennir samtímatónlist er það kannski helst sú sýn að tónlist er, þegar allt kemur til alls, óefniskennnd og formlaus í grunninn, en tekur á sig alls kyns myndir sem skapa henni nýtt sjónarhorn hverju sinni og nýja upplifun.

Rætur samtímatónlistar liggja í ritaðri vestrænni tónlistarhefð, undir hatti þess sem kallast hefur sígild tónlist, en með tíð og tíma hefur þessi stimpill þanist í margar ólíkar áttir hvað varðar inntak, efnistöð, nálgun, samfélagslega virkni og stöðu hennar innan samfélaganna.

Á meðal þeirra áberandi breytinga innan samtímatónlistar síðustu misseri, er breytt viðhorf til þeirra áður fyrrgefnu hlutverka á milli höfundar og flytjanda, viðhorf til flutningsins og ekki síst breytt viðhorf til hvaða þáttur tónlistarinnar teldist til listaverksins.

Lengi vel var þessi heimur litaður af þeirri sýn að nóturnar sjálfar væru listaverkið sjálft, flutningur þess yfir í hljóð eingöngu málamiðlun, eingöngu tæknileg útprentun nótna yfir í hljóð. Síðasti hlekkurinn væri í höndum flytjanda og sköpunarrými flytjandans væri svo gott sem ekki neitt.

Í dag má finna ólíkar nálganir og afstöður til höfundahlutverksins. Tónlist sem afsprengi samtals flytjanda og tónskálds. Samskipaða tónlist eftir marga höfunda og kannski helst viðhorfið um það hvort það skipti máli að gefa listaverki höfund? Sömuleiðis má finna ólík viðhorf til listaverksins, sem áður hefur verið skilgreint frá efnisheimi sínum, þ.e. nótnum og hljóðfærum, yfir í nokkurs konar form venslalistar, þar sem tónlistin er tæki sem skapar félagslegar tengingar og samfélagslegar aðstæður.

Hugmyndin um tónlist hefur því færst úr stað, frá því að vera hlutur sem miðlað er, yfir í það að vera athöfn, lifandi venslalist sem skapar samfélagslegt rými hverju sinni. Á þeim forsendum, sem tæki til að skapa samfélagsleg rými hafa efnistökin og nálgun í sköpunarferlinu tekið á sig nýjar og óvæntar myndir, þar sem hugmyndir og nálganir úr öðrum faggreinum lista á borð við dans, myndlist, leikhús og hönnun, geta verið jafnvígur þáttur tónlistarinnar, ávallt með að leiðarljósi þá forvitni um að tónlist geti tekið á sig ótal myndir, hugmyndir mótaðar í óefniskennndan heim hljóðanna.

Þær *Cat Hope*, tónskáld og *Louise Devenish*, slagverksleikari, birtu árið 2020 stefnuyfirlýsingu í 11. tölublaði *ADSR Zine* sem bar yfirskriftina „*Nýja snillingáfan: stefnuyfirlýsing fyrir samtímahljóðsköpun*“ eða á ensku „*New Virtuosity: A manifesto for contemporary sonic practice*“. Yfirlýsingin er nokkurs konar tilraun þeirra til að umfaðma áberandi þræði innan samtímatónlistar á síðustu misserum. Hugtakanoktun þeirra á snillingáfu, eða á ensku virtuosity, er markviss og hnýtir í þá orðæðu sem fylgt hefur heimi sígildrar tónlistar svo lengi vel um „snillinginn“. Hugtak sem mætti sjá sem andstæðu við þessa fyrrnefndu hugmynd um tónlist sem samfélagslega þátttökulist.

Hér hljóðar, með góðfúslegu leyfi höfundanna, þýðing mín á yfirlýsingunni.

NÝJA SNILLIGÁFAN: STEFNUYFIRLÝSING FYRIR SAMTÍMAHLJÓÐSKÖPUN

Cat Hope og Louise Devenish

STAÐREYND: Teymisvinna er bakbein sköpunnar

Nýja snillingáfan verður til í samfélagi listamanna og hafnar hugmyndinni um einhöfundinn. Nýja snillingáfan hafnar ósýnileika. Nýja snillingáfan er orka sem undanskilur engan. Nýja snillingáfan tilfærir aðferðafræði á milli hópa, hljóðfæra, vinnurýma, staða, fólks. Nýja snillingáfan er gjöful.

STAÐREYND: Hljóðsköpun tekur á sig endalaus form.

Nýja snillingáfan hyggilir andófi. Nýja snillingáfan skilgreinir tónlistarhæfileika á fjölbreytta vegu. Nýja snillingáfan er ströng. Nýja snillingáfan afneitar tvenndinni um akústíska tónlist annars vegar og raftónlist hins vegar. Nýja snillingáfan er berskjölduð.

STAÐREYND: Öll hljóðfæratækni er hefðbundin hljóðfæratækni.

Nýja snillingáfan er síbreytilegt net hugmynda og gjörða. Nýja snillingáfan skilgreinir hljóðfærin útrá flutningnum. Nýja snillingáfan hampar hugmyndaalist. Nýja snillingáfan fagnar hljóðum innan og utan tóntegunda, stíla og tóna. Nýja snillingáfan er eilíf uppgötvun.

STAÐREYND: Hlustun er virk og staðbundin þátttaka.

Nýja snillingáfan þrífst á forvitni og tilfærslu hugmynda á milli miðla. Nýja snillingáfan tengir saman í hljóðum hlustun og viðbragð. Nýja snillingáfan leitir tónlistarlegs efniviðar í upplifun og tilveru flytjandans. Nýja snillingáfan hafnar raunsærri nálgun. Nýja snillingáfan er í senn lokuð hringrás og opin fyrir áhrifum.

STAÐREYND: Nótnaskrift er ekki liðin undir lok.

Nýja snillingáfan stendur ekki í stað. Nýja snillingáfan styðst við nótnaskrift sem þjónar hljóðunum sjálfum, ekki greiningu þeirra. Nýja snillingáfan er skynjunin sjálf, ekki uppskrift hennar. Nýja snillingáfan hafnar því að samþykki stofnanna sé eina mælieining listarinnar. Nýja snillingáfan verður til í framkvæmdinni.

NÝJA SNILLIGÁFAN ER NÚNA, FRAMTÍÐIN